

## Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2020

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verða auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum rafrænt ráðningaform á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hver umsækjandi getur sótt um fleiri en eitt starf. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskólanum Suðurgötu 14, Ungmennahúsinu Hamrinum þegar hann hefur störf í vor.
2. Sumarstörfin verði auglýst eigi síðar en 27. janúar og tekið verði við umsóknum frá 27. janúar til 15. mars árið 2020.
3. **Ekki verði tekið við umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur, nema frestur sé framlengdur.**
4. Ráðningartími fyrir flest störfin er um 6 - 8 vikur. Fyrir 17 ára er unnið í um 220 klst, 18 – 20 ára er unnið í um 238 klst og 21 árs og eldri starfa í um 264 klst.
5. Forgangshópur vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumaravinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða í fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi, ellilífeyri eða álíka fá ekki sumavinnu.
7. Horft verði til umsagnar skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða frá umhverfis og framkvæmdasviði við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og garðyrkjustjórans ráða sumarstarfsmenn. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri vegna starfa með börnum á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Íþróttafélög velja á eigin forsendum sína starfsmenn sem ráðnir eru í gegnum Vinnuskóla Hafnarfjarðar og bera ábyrgð á hæfi þeirra.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
9. Öllum umsækjendum verður svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gerður verður ráðningasamningur við sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem ráðnir verða.